

Almennur fundur í Fjallaskiladeild Víðdælinga haldinn í Víðihlíð 12. Apríl 2012 kl. 21:30.

Sigtryggur Sigurvaldason formaður deildarinnar setti fund og stakk uppá Ólafi Benediktssyni sem fundarstjóra og Júlíusi Guðna Antonssyni sem fundarritara. Sem var samþykkt.

Sigtryggur fór yfir helstu verkefni á vegum deildarinnar sl. ár. Upprekstur var leyfður síðar en venjulega sökum veðurfars. Hann fór yfir helstu framkvæmdir á árinu. Réttarviðhald, heiðargirðingar, vegagerð, skálaviðhald o.fl. Sigtryggur fór yfir sundurliðun tekna og gjalda fyrir árið 2011. (Sjá síðustu fundargerð stjórnar). Formaður ræddi möguleikann á styttingu fyrri gangna um einn dag.

Kaffihlé.

Almennar umræður:

Júlíus Guðni ræddi ýmis mál m.a. styttingu gangna, víxlun á seinni göngum og fyrri heimalandasmölun. Hann ræddi viðhald skála og vegagerð. Pétur spjallaði um sömu mál. Ólafur Ben. talaði um styttingu gangna, vegagerð o.fl. Skúli Þórðarson sveitarstjóri ræddi fjárveitingar til vegagerðar, og frárennismál og vatnsveitur við skála. Birgir Ingþórsson ræddi tilhögun gangna og mikilvægt að vinna saman að því að koma fénu niður til síns heima á stytum tíma og taldi fullan vilja austurfrá til að skoða breytingar. Hann ræddi hjólanotkun í smalamennsku. Ólafur B. Óskarsson ræddi breytingar á tilhögun gangna. Eins ræddi hann notkun hjóla í göngum. Ólafur velti fyrir sér hvort fyrirhuguð lagning ljósleiðara hafi komið til umsagnar og eins talaði hann um víxlun seinni gangna og fyrri heimalandasmölun. Sigtryggur Sigurvaldason svaraði framkomnum fyrirspurnum og velti vöngum yfir þeim málefnum sem borið hafa á góma á fundinum. Pétur Baldursson ræddi hjólanotkun og taldi nauðsynlegt að kýla á breytingar á tilhögun fyrri gangna í samvinnu við þá austurfrá. Birgir ræddi hugsanlega seinkun seinni gangna en hafði efasemdir um að Auðkúluheiðarmenn væru tilbúnir í slíkt. Ólafur Ben ræddi tilhögun gangna og notkun hjóla. Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Ólafur Benediktsson, fundarstjóri(sign.),

Júlíus Guðni, fundarritari(sign).